



Ársskýrsla 2013



Efnisyfirlit


Ávarp stjórnarformanns	2
Skýrsla forstjóra	3
Fulltrúar deilda	4
Stjórn Auðhumlu	5
Verðlaunahafar	6
Mjólkursamsalan ehf.	7
Tölulegar upplýsingar	8
Ársreikningur samstæðu 2013	11
Áritun óháðra endurskoðenda	13
Skýrsla stjórnar	14
Rekstrarreikningur ársins 2013	15
Efnahagsreikningur	16
Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2013	18
Skýringar	19



Útgefandi: Auðhumla, Austurvegi 65, 800 Selfoss
Hönnun og umbrot: Auglýsingastofa Þórhildar
Ljósmyndir: Kristjana Jónsdóttir, Þorsteinn Jónsson
Ljósmynd af stjórnarformanni: Kristján Maack
Ljósmyndir af stjórn Auðhumlu og stjórn MÍ: Kristján Pétur Guðnason
Ljósmyndir af verðlaunahöfum: Guðmundur Geir Gunnarsson, Kristín Halldórsdóttir
Prentun: Prentmet

Ávarp stjórnarformanns

Egill Sigurðsson



Samstillt átak allra

Árið 2013 varð 299 milljóna króna hagnaður af starfsemi Auðhumlu svf. en árið áður varð hagnaður að fjárhæð 442 milljónir króna. Framan af ári voru horfur á að afkoman myndi batna milli ára en undir árslok tók Mjólkursamsalan, dótturfélag Auðhumlu, á sig umtalsverðan kostnað til að tryggja hráefnisframboð í landinu eftir fordæmalausa söluaukningu fitumeiri mjólkurafurða. Félagið var í stakk búíð að fást við þessar aðstæður vegna þess að rekstur fyrirtækisins hefur verið styrktur með margvíslegum hagræðingaraðgerðum á undanförnum árum.

Hluti þeirra aðgerða, sem gripið var til með það fyrir augum að tryggja hráefnisframboð, voru breytingar á greiðslufyrirkomulagi fyrir mjólk. Í byrjun október ákvað félagið að greiða fullt verð fyrir alla mjólk síðustu mánuði ársins. Fyrir áramót var tilkynnt að sama fyrirkomulag myndi gilda áfram árið 2014 og í lok mars 2014 var tilkynnt að fullt afurðastöðvaverð yrði greitt fyrir alla mjólk út árið 2015.

Árið 2011 nam sala mjólkur á fitugrunni á innanlandsmarkaði 111 milljónum lítra. Árið 2013 var hún um 122 milljónir lítra og horfur eru á að salan árið 2014 geti numið um 127 milljónum lítra. Það er um 18 milljóna lítra aukning á þremur árum eða sem nemur ársframleiðslu 95 meðalkúabúa. Gert er ráð fyrir að fram til ársins 2020 geti eftirspurn aukist um 14-21 milljón lítra. Ljóst er að verulega mun reyna á birgðastýringu í mjólkuriðnaði á næstu árum og þessi staða skapar íslenskum bændum veruleg ný tækifæri til vaxtar. Skýringar á þessari söluaukningu eru nokkrar. Auk neyslubreytingar er hér um að ræða afrakstur endurskipulagningar í mjólkuriðnaði á umliðnum árum sem leitt hefur til enn markvissara markaðs- og sölustarfs og vel heppnaðrar vöruþróunar. Þá er einnig vert að nefna hóflega verðlagningu á mjólkurvörum á markaði og verðþróun innan marka vísitölunnar.

Hráefniskaup af bændum, eigendum Auðhumlu, eru langstærsti útgjaldaliður í mjólkuriðnaði og eru um helmingur af kostnaði mjólkurvinnslufyrirtækja. Heildargreiðslur til bænda fyrir mjólk á landinu árið 2013 voru um 10 milljarðar króna og þar af greiddi Auðhumla sínum félagsmönnum um 9 milljarða króna. Ríflega 90% af landsframleiðslunni hafa farið til vinnslu fyrir innanlandsmarkað og skilað bændum fullu afurðastöðvaverði. Um 10%, sem framleidd hafa verið umfram greiðslumark, hafa lögum samkvæmt verið seld á alþjóðamarkaði og skilaverð til bænda að mestu endurspeglad heimsmarkaðsverð á undanrennudufti og smjöri. Sú sprenging, sem varð í sölu fitumeiri afurða á innanlandsmarkaði árið 2013 og áframhaldandi sterkur vöxtur, hefur leitt til þess að ekki er þörf eða svigrúm til útflutnings á mjólkurfitu. Félög í mjólkur-

íðnaði telja að fyrir vikið þurfi að hvetja til áframhaldandi aukningar framleiðslunnar með því að greiða fullt afurðastöðvaverð fyrir alla mjólk út árið 2015.

Á næstu misserum verða teknar ákvarðanir um framtíðargreiðslufyrirkomulag fyrir mjólk. Þegar þessu þriggja ára tímabili lýkur, þar sem greitt er eitt fast verð fyrir alla mjólk, er erfitt að sjá hvernig hægt verður að hverfa til fyrra fyrirkomulags og greiða eitt verð fyrir mjólk fyrir innanlandsmarkað og annað fyrir útflutningsmjólk. Sett hefur verið af stað undirbúningsvinna á vegum landbúnaðarráðuneytisins til að leggja drög að nýjum búvörusamningi í stað þess sem rennur út árið 2016. Í þessari vinnu verður lagt mat á alla helstu þætti þeirrar umgjörðar sem mjólkurframleiðsla og mjólkuriðnaði er búin. Ákvarðanir um framtíðarfyrirkomulag mjólkurkaupa munu vafalítið taka mið af framvindu þeirrar vinnu enda er sjálft greiðslumarkskerfið meðal þess sem lagt verður mat á. Mikilvægt er að þessi vinna verði vönduð og byggð annars vegar á ítarlegri greiningu á stöðu og framtíðarmöguleikum og hins vegar á skýrri pólitískri stefnumótun um framtíðaruppbyggingu landbúnaðar. Það liggur í augum uppi að í ljósi nýrra spádóma um þróun loftslags og getu okkar til að fæða mannkynið hvíla ríkari skyldur á Íslendingum en áður að nýta landkosti hér.

Í september síðastliðnum efndi Mjólkursamsalan til samstarfs og samræðu við félagasamtök og ráðgjafafyrirtæki bænda um með hvaða hætti væri skilvirkast að hvetja til aukinnar framleiðslu. Frá því hefur fyrirtækið hækkað verð fyrir umfram mjólk, lagt til breytt greiðsluhlutföll fyrir verðefni mjólkur með áherslu á hærri greiðslur fyrir fituhluta mjólkurinnar, fengið hingað til lands erlenda sérfræðinga í fremstu röð til ráðgjafar um fitufóðrun og efnt til ráðgefandi heimsóknna til á annað hundrað framleiðenda. Að auki hefur félagið aukið fræðslustarf sitt og útgáfustarf til að miðla upplýsingum og þekkingu til bænda. Félagið gerir ráð fyrir að auka þetta starf enn á næstu mánuðum.

Auk viðbragða við stóraukinni eftirspurn á markaði var annað meginviðfangsefni í mjólkuriðnaði á árinu 2013 að ljúka endurskipulagningu og enduruppbyggingu allra helstu vinnslustöðva Mjólkursamsölnunnar. Á Akureyri var lokið við að endurnýja alla fastostagerð félagsins með mjög fullkomnum nýjum tækjum. Á Selfossi var endurnýjuð öll mjólkurpökkun og frátaka fyrir 80% markaðarins. Jafnframt var flutt þangað öll mjólkurpökkun sem verið hafði í Reykjavík allt frá árinu 1920. Verið er að breyta pökkunarstöðinni í Reykjavík í birgðastöð fyrir allt landið. Þessar miklu breytingar og endurbætur, sem í raun fólu í sér að allar helstu vinnslulínur Mjólkursamsölnunnar voru endurbyggðar, tókust afar vel og engir alvarlegir hnökur urðu á framleiðslunni á árinu. Mjólkuriðnaðurinn er nú vel í

stakk búinn að fást við verkefni næstu ára. Þessara fjárfestinga sér merki í efnahagsreikningi Auðhumlu sem óx um liðlega 830 milljónir króna á árinu. Vaxtaberandi skuldir félagsins jukust um 984 milljónir króna. Þessar breytingar skapa grundvöll til enn frekari hagræðingar í starfsemi á næstu mánuðum og misserum.

Eigið fé Auðhumlu, að teknu tilliti til minnihlutaeiganda í Mjólkursamsölnunni, er 6.787 milljónir króna og hækkaði um 174 milljónir króna milli ára. Stofnsjóður ávaxtaðist um 114 milljónir króna sem nemur innri ávöxtun í félaginu á árinu. Stofnsjóður er nú um 37% af eigin fé Auðhumlu, lögbundinn varasjóður 4% og óráðstafað eigið fé 59%. Þessi hlutföll hafa lítið breyst milli ára.

Sú mikla endurskipulagning, sem átt hefur sér stað í mjólkuriðnaði á undanförnum árum, hefur haft það að meginmarkmiði að auka framleiðni og skilvirkni. Þó að verulegur árangur hafi náðst með fækkun vinnslustöðva og sérhæfingu og samþjöppun framleiðslunnar er enn veruleg umframafkastageta í starfsemi. Það liggur í eðli og smæð markaðarins hér og því að hagræmur tækjabúnaður, sem hentar stærð markaðarins, er ekki í boði. Markmið félagsins er að auka útflutning arðbærari afurða þar sem kostur er vegna tolla á innfluttar landbúnaðarafurðir í öðrum löndum. Á árunum 2011 til 2013 hefur félagið náð árangri með sölu og útflutningi á skryi á erlenda markað. Þar sem útflutningi hefur ekki verið við komið vegna tolla hefur fyrirtækið selt leyfi til framleiðslu eftir uppskriftum og undir vörumerkjum MS eða látið framleiða slíkar vörur og selt undir eigin vörumerkjum. Mjólkursamsalan á þannig aðild að sölu á um 40 milljón dósnum af skryi í Skandinavíu á árinu 2014 og söluvelta þessara afurða verður um 7 milljarðar króna á árinu. Unnið verður að því að færa þessa starfsemi í nýtt skipulag á árinu 2014. Þessi starfsemi styrkir reksturinn umtalsvert og skapar fótfestu fyrir frekari útflutning íslenskra mjólkurafurða á næstu árum.

Íslenskir neytendur hafa sýnt, svo ekki verður um villst, að þeir kunna að meta vöruþróun og vöruframboð Mjólkursamsölnunnar. Sama máli gegnir um milljónir erlendra neytenda skrys og annarra íslenskra mjólkurafurða. Auðhumla og Mjólkursamsalan þakka neytendum traustið og stuðninginn. Jafnframt er ástæða til að þakka samstarf við smásöluvyrirtæki og aðra öflugra dreifiaðila fyrir matvörur. Starfsmönnum þakka ég fyrir traust og gott samstarf við ögrandi verkefni á liðnu ári. Með sínu góða starfi hafa þeir lagt traustan grunn að blómlegri framtíðarstarfsemi mjólkuriðnaðarins. Ég vil að lokum þakka bændum gott og árangursríkt starf á liðnum árum og vænti þess að saman getum við nýtt þau tækifæri sem blasa við í þessari atvinnugrein á næstu árum.

Skýrsla forstjóra

Einar Sigurðsson



Hagræðing undanfarinna ára styrkti félagið til stóratáka 2013

Árið 2013 tókust Auðhumla svf. og Mjólkursamsalan ehf. á við þrjú veigamikil verkefni. Í fyrsta lagi að ljúka enduruppbyggingu mjólkuriðnaðarins og nýju vinnsluskipulagi. Í öðru lagi að mæta stórauðningu eftirspurn eftir fituríkum mjólkurafurðum. Í þriðja lagi að halda áfram uppbyggingu arðbærari útflutningsstarfsemi og starfsemi erlendis. Merki þessa sjást glögg í reikningum Auðhumlu fyrir árið 2013.

Hagnaður varð af starfsemi félagsins og nam hann 299 milljónum króna en nam 441 milljón króna árið áður. Hagnaður eftir hlutdeild minnihlutaeiganda í Mjólkursamsölu, dótturfélagi Auðhumlu, var 283 milljónir króna en var 413 milljónir árið 2012. Versnandi afkomu má fyrst og fremst rekja til þess að grípa þurfti til óvenjulegra ráða til að tryggja hráefni til vinnslunnar á síðustu mánuðum ársins þegar saman fór hraðvaxandi eftirspurn og minnkandi mjólkurframleiðsla í landinu.

Upphaflegar áætlanir og rekstrarniðurstöður fyrstu 8 mánuði ársins bentu til þess að afkomu myndi batna nokkuð milli ára. Félagið hélt áfram hagræðingu í rekstrinum sem staðið hefur um nokkurra ára skeið og byggir á endurskipulagningu mjólkurvinnslu í landinu. Þessi hagræðing hefur gerð þessari afkomu Auðhumlu til hins betra á fimm árum. Hún er grundvöllur þess að félagið er í stakk búið að takast á við ógrandi viðfangs-efni á markaði, eins og gerðist á lokamánuðum 2013, á sama tíma og fyrirtækið lýkur stærstu fjárfestinga-kerfnum í mjólkuriðnaði um margra áratuga skeið.

Heildarvelta Auðhumlu 2013 nam 21,9 milljörðum króna en var 20,6 milljarðar króna árið áður. Engar verðbreytingar á hráefni eða á markaðsverði afurða urðu fyrir en á síðasta ársfjórðungi þegar verðlagsnefnd búvöru heimilaði 3,1% verðhækkun á markaði og jafnframt hækkaði lágmarksverð til framleiðenda um 3,1%. Þá voru 15 mánuðir frá síðustu verðhækkun. Markaðs-tekjur Mjólkursamsölnunnar hækkuðu hins vegar um 6,3% á árinu. Til viðbótar verðhækkunum kom sala á birgðum og sala á verðmeiri vörum. Þrátt fyrir að gengið væri á birgðir jókst hlutdeild framleiðenda í heildartekjum fyrirtækisins vegna ákvörðunar Mjólkursamsölnunnar að greiða alla mjólkurframleiðslu fullu afurðastöðvaverði.

Hagnaður í samstæðureikningi Auðhumlu fyrir afskriftir og fjármagnsliði varð 1.112 milljónir króna en var 1.252 milljónir króna árið áður. Hagnaður fyrir skatta nam 369 milljónum króna en var 544 milljónir króna á fyrra ári.

Hagnaður Mjólkursamsölnunnar, dótturfélagsins sem myndar uppistöðuna í reikningi Auðhumlu, var 167 milljónir króna á árinu. Hagnaður fyrir afskriftir og

fjármagnskostnað af starfseminni var 776 milljónir króna. Hagnaður Mjólkursamsölnunnar fyrir skatta varð 208 milljónir króna en var 363 milljónir árið 2012.

Gert er ráð fyrir að afkoma Mjólkursamsölnunnar og Auðhumlu árið 2014 verði betri en á árinu 2013. Rekstur á fyrsta ársfjórðungi gengur betur en áætlanir gerðu ráð fyrir.

Heildarfjárfestingar Auðhumlu og dótturfélagsins Mjólkursamsölnunnar á árinu 2013 voru 1.326 milljónir króna. Eignir á efnahagsreikningi nema nú um 13,6 milljörðum króna. Vaxtaberandi skuldir eru 4.088 milljónir króna og hækkuðu um 984 milljónir króna á árinu 2013. Fjármunamyndun í starfseminni hefur styrkst með hagræðingaraðgerðum undanfarinna ára og félagið áætlað að vaxtaberandi skuldir verði orðnar um 3.200 milljónir króna í árslok 2015.

Handbært fé hefur lækkað lítillega milli ára og var um 478 milljónir króna í árslok. Á árinu greiddi félagið upp skuldir hraðar en gert var ráð fyrir vegna þess að það gaf bestu ávöxtun á handbært fé.

Við upphaf árs 2014 hefur verið lokið öllum veigameiri fjárfestinga-kerfnum við endurskipulagningu mjólkurvinnslu á Íslandi. Ýmis tækjabúnaður mjólkuriðnaðar var kominn vel til ára sinna og með nauðsynlegri fjárfestingu og endurskipulagningu er fyrirtækið nú vel í stakk búið að þjóna innlendum markaði og sækja á erlendan markað með arðbærari útflutningsvörum. Það er nauðsynlegt að mjólkurframleiðsla sé nokkuð umfram þarfrí á innanlandsmarkaði til að hægt sé að mæta sveiflum í framboði og eftirspurn. Það sem er umfram er flutt út lögum samkvæmt og mikilvægt að leita jafnan besta verðs fyrir framleiðsluna.

Undanfarin ár hefur Mjólkursamsalan, dótturfélag Auðhumlu, fótad sig í útflutningi á mjólkurafurðum en einnig í sölu á þekkingu og afnotum af vörumerkjum fyrirtækisins. Það hefur verið gert þar sem tollar í viðskiptalöndum eru í vegi fyrir útflutningi. Fyrirtækið hefur byggt upp mikla sölu á skyri í Finnlandi. Það er gert með útflutningi héðan, að því marki sem tollkvótar í Evrópusambandinu leyfa, og með framleiðslu ytra á skyri eftir uppskriftum fyrirtækisins þar sem þessum kvótum sleppir. Gert er ráð fyrir að heildarsala á skyri í Finnlandi undir merkjum Mjólkursamsölnunnar árið 2014 verði ríflega 2.500 tonn sem er meira en skyrjala á Íslandi. Þess mun sjá jákvæð merki í afkomu félagsins á þessu ári.

Um þessar mundir undirbýr Mjólkursamsalan sölu á skyri á markaði í Sviss í samræmi við hagstæðan tvíhliða tollasamning ríkjanna. Salan í Sviss mun eingöngu byggja á útflutningi frá Íslandi. Á markaði í Noregi, Svíþjóð og Danmörku er selt skyr framleitt af fyrirtækjum sem gert hafa samninga um leyfisgreiðslur til Mjólkursamsölnunnar. Salan á þessum mörkuðum vex nú hratt og við það aukast tekjur fyrirtækisins.

Meginhlutverk Mjólkursamsölnunnar er að þjóna innlendum markaði. Því er lögð á það áhersla að landvinningar erlendis byggji á lágmarksáhættu og lágmarkstilkostnaði. Félagið hefur því fetað sig varlega áfram í þessu verkefni. Viðtökurnar á markaðnum hafa hins vegar farið fram úr björtustu vonum. Þess sjást nú merki að á markaði ytra er tekið eftir þeim árangri sem náðst hefur í skyrjölu og erlend stórfyrirtæki eru þyrjúd að þróa og selja vörur byggðar á skyrnafninu. Um þessar mundir er vart mikils áhuga á próteinríkum vörum á heimsmarkaði og skyr er einstök framleiðsla hvað það varðar. Það verður því mikilvægt verkefni fyrir félagið að verja stöðu sína á markaðnum jafnframt því að sótt verður fram af fullum krafti.

Íslenskur mjólkuriðnaður býr við einstaka umgjörð. Auk tollverndar, sem er með sama hætti hér og í löndum sem við berum okkur saman við, felur umgjörðin í sér framleiðslustýringu og opinbera verðlagningu og heimild til að fyrirtæki í greininni vinni saman. Þessari umgjörð fylgja ýmsar skyldur fyrir fyrirtæki á borð við Auðhumlu og Mjólkursamsölnuna. Þar á meðal er að tryggja að jafnan sé nægt hráefni til að mæta eftirspurn á markaði. Til að mæta gríðarlegri eftirspurn eftir fituríkum afurðum á seinni hluta síðasta árs flutti Mjólkursamsalan inn erlent smjör til að nota í nokkra flokka af vinnsluvörum. Þetta var um 0,06% af heildarhráefni ársins og félagið gerði grein fyrir þessu fyrirfram. Með þessu tókst félaginu að tryggja öðrum fyrirtækjum í mjólkuriðnaði óheftan aðgang að hráefni á síðustu vikum ársins. Ekkert þeirra varð því fyrir framleiðslu-trufnum. Mikilvægasta verkefni mjólkuriðnaðar og bænda á næstu misserum og árum er að fylgja eftir aukinni eftirspurn sem rekja má til breyttra neysluháttanna og öflugrar vöruþróunar í mjólkuriðnaði.

Á miðju ári 2013 var hafist handa um gerð spálíkana um mögulega þróun markaðar fyrir mjólkurvörur fram til ársins 2020. Slík líkanagerð byggir á gefnum forsendum og reynslu undanfarinna ára og er því skýrum takmörkunum háð. Hún á til dæmis erfitt með að sjá fyrir sveiflur á borð við þær sem urðu í sölu fitumeiri afurða á árinu 2013. Ef spár um markaðsvöxt fram til ársins 2020 eru byggðar á spám um fólksfjölgun og fjölgun ferðamanna og gert ráð fyrir að eftirspurn vaxi í takt við fjölgun neytenda þarf framleiðslan að vera um 15 – 18 milljónir lítra fram til ársins 2020. Verði neyslsvöxtur á feitari mjólkurvörum í samræmi við það sem verið hefur undanfarin 10 ár þyrfti framleiðsla að aukast um 21 – 24 milljónir lítra. Þá er ekki gert ráð fyrir neinni umtalsverðri umframframleiðslu. Verkefni fram undan eru því skýrt afmörkuð.

Ég þakka stjórn félagsins, félagsmönnum og öllu samstarfsfólki fyrir traust og gott samstarf á nýliðnu rekstrarári.

Fulltrúar deilda Auðhumla

á aðalfundi 25. apríl 2014

Austurlandsdeild

Aðalfulltr.: Gunnar Jónsson Egilsstöðum
Halldór Sigurðsson Hjartarstöðum 1
Jón Steinar Elfsson Hallfreðarstöðum 2

Varafultr.: Björgvin R. Gunnarsson Núpi
Jóhann Gísli Jóhannsson Breiðavaði

Austur-Skaftafellsdeild

Aðalfulltr.: Eiríkur Egilsson Seljavöllum

Varafultr.: Bjarni Ingvar Bergsson Viðborðsseli

Skaftárdeild

Aðalfulltr.: Ólafur Helgason Hraunkoti
Jón Jónsson Prestsbakka
Kjartan Magnússon Fagurhlíð

Varafultr.: Jóhannes Gissurarson Herjólfsstöðum
Valmundur Guðmundsson Eystra-Hrauni

Mýrdalsdeild

Aðalfulltr.: Sigurjón Eyjólfsson Pétursey I

Varafultr.: Gunnar Valgeirsson Norður-Fossi

Eyjafjalladeild

Aðalfulltr.: Ármann Fannar Magnússon Hrutafelli
Sigurjón Sigurðsson Efstu-Grund

Varafultr.: Magðalena Jónsdóttir Drangshlíðardal
Ragnar Lárusson Stóra-Dal

Landeyjadeild

Aðalfulltr.: Haraldur Konráðsson Búðarhóli
Guðbjörg Albertsdóttir Skíðbakka 1
Sævar Einarsson Stíflu

Varafultr.: Silja Ágústsdóttir Hólmum
Elvar Eyvindsson Skíðbakka

Fljótshlíðar-, Hvols- og Rangárvalladeild

Aðalfulltr.: Þórir Jónsson Selalæk
Birkir Arnar Tómasson Móeiðarhvoli

Varafultr.: Ólafur Þorri Gunnarsson Bollakoti
Guðmundur Ómar Helgason Lambhaga

Holta-, Landmanna-, Ása- og Djúpárdeild

Aðalfulltr.: Sigurjón Hjaltason Raftholti
Hannes Ólafsson Austvaðsholti

Varafultr.: Ágúst Sæmundsson Bjólu
Erlendur Ingvarsson Skarði

Uppsveitadeild

Aðalfulltr.: Páll Jóhannsson Núpstúni
Ásmundur Lárusson Norðurgarði
Sigríður Jónsdóttir Fossi
Jórunn Svavarsdóttir Drumboddsstöðum
Jón Viðar Finnsson Dalbæ I
Óttar Bragi Þráinsson Miklholti

Varafultr.: Eiríkur Jónsson Gýgjarhólskoti
Sveinn Ingvarsson Reykjahlíð
Haukur Haraldsson Stóru-Mástungu
Fjóla Kjartansdóttir Birtingaholti
Samúel U. Eyjólfsson Bryðjuholti

Flóa- og Ölfusdeild

Aðalfulltr.: María Hauksdóttir Geirakoti
Pétur Guðmundsson Hvammi
Valdimar Guðjónsson Gaulverjabæ
Skeggi Gunnarsson Skeggjastöðum

Varafultr.: Brynjólfur Jóhannsson Kolsholtshelli
Elín Bjarnveig Sveinsdóttir Egilsstaðakoti
Fanney Ólafsdóttir Hurðarbaki
Geir Ágústsson Gerðum

Hvalfjarðardeild

Aðalfulltr.: Jóhanna Hreinsdóttir Káraneskoti
Haraldur Magnússon Belgsholti

Varafultr.: Finnur Pétursson Káranesi
Lilja Guðrún Eyþórsdóttir Vestra-Reyni

Borgarfjarðardeild

Aðalfulltr.: Jón Gíslason Lundi 1
Birna Hauksdóttir Skáni

Varafultr.: Lárus Pétursson Hvanneyri
Helgi Björnsson Snartarstöðum

Snæfellsnes- og Mýrasýsludeild

Aðalfulltr.: Pétur Diðriksson Helgavatni
Laufey Bjarnadóttir Stakkhamri
Jón Svavar Þórðarson Ölkeldu III
Sigurjón Helgason Mel

Varafultr.: Þórir Finnsson Hóli
Gunnar Guðbjartsson Hjarðarfelli
Gísli Friðjónsson Helgastöðum

Breiðafjarðardeild

Aðalfulltr.: Þorgrímur Guðbjartsson Erpsstöðum
Sigmundur H. Sigmundsson Látrum
Gústaf Jökull Ólafsson Miðjanesi
Jón Egill Jóhannsson Skerðingsstöðum

Varafultr.: Erla Reynisdóttir Mýrartungu
Unnsteinn Hermannsson Leiðólfstöðum
Björn Birkiðsson Botni

Stjórn Auðhumlu



Starfssvæði Auðhumlu



■ Starfssvæðið

Formaður

Egill Sigurðsson, Berustöðum

Varaformaður

Jóhannes Ævar Jónsson, Espihóli

Ritari

Guðrún Sigurjónsdóttir, Glitstöðum

Meðstjórnendur

Arnar B. Eiríksson, Gunnbjarnarholti
Birna Þorsteinsdóttir, Reykjum
Elín M. Stefánsdóttir, Fellshlíð
Jóhannes Torfason, Torfalæk II

Varamenn

Pétur Diðriksson, Helgavatni
Björn Harðarson, Holti
Stefán Magnússon, Fagraskógi

Skoðunarmenn

Eiríkur Jónsson, Gýgjarhólskoti I
Gunnar Sverrisson, Hrosshaga

Varaskoðunarmenn

Geir Árdal, Dæli
Magnús Hannesson, Eystri-Leirárgörðum

Forstjóri

Einar Sigurðsson

Vestur-Húnaþingsdeild

Aðalfulltr.: Valgerður Kristjánsdóttir
Gísli G. Magnússon

Mýrum III
Staðarbakka

Varafulltr.: Pétur H. Sigurvaldason
Guðný H. Björnsdóttir

Neðri-Torfuststöðum
Bessastöðum

Austur-Húnaþingsdeild

Aðalfulltr.: Jóhannes Torfason
Gróa Lárusdóttir
Jón Gíslason

Torfalæk II
Brúsastöðum
Stóra-Búrfelli

Varafulltr.: Sindri Páll Bjarnason
Linda B. Ævarsdóttir
Sigurður Magnússon

Neðri-Mýrum
Steinnýjarstöðum
Hnjúki

Norðausturdeild

Aðalfulltr.: Sveinbjörn Sigurðsson
Aðalsteinn Hallgrímsson
Geir Árdal
Þórólfur Óskarsson

Búvöllum
Garði
Dæli
Grænuhlíð

Sigurgeir Pálsson
Hávar Sigtryggsson
Erlingur Teitsson
Laufey Skúladóttir
Gunnsteinn Þorgilsson
Tryggvi Jóhannsson
Elín M. Stefánsdóttir
Helga Hallgrímsdóttir
Jóhannes Ævar Jónsson

Sigtúnur
Hriflu
Brún
Stóru Tjörnum
Sökku
Hvassafelli
Fellshlíð
Hvammi 2
Espihóli

Varafulltr.: Stefán Magnússon
Sigurður B. Gíslason
Guðmundur S. Bjarnason
Sif Jónsdóttir
Hermann Ingi Gunnarsson
Gunnhildur Gylfadóttir

Fagraskógi
Steinsstöðum 2
Svalbarði
Laxamýri
Klauf
Steindyrum

Alls 57 fulltrúar

Verðlaunahafar 2013



Verðlaunahafar í Rangárvallasýslu ásamt mjólkurbússtjóra MS Selfossi.



Verðlaunahafar í Flóa- og Ölfusdeild ásamt mjólkurbússtjóra MS Selfossi.



Verðlaunahafar í Uppsveitadeild ásamt mjólkurbússtjóra MS Selfossi.



Verðlaunahafar í Norðausturdeild ásamt mjólkurbússtjóra MS Akureyri.



Verðlaunahafar á Vesturlandi ásamt mjólkurbússtjóra MS Selfossi.

Innl.númer	Nafn	Heimili	Deild
10237	Steinþór Björnsson	Hvannabrekku	Austurlandsdeild
20110	Lilja María Gísladóttir	Króki	Flóa- og Ölfusdeild
20225	Hellisbúið ehf.	Kolsholtshelli	Flóa- og Ölfusdeild
20238	Hurðarbaksbúið ehf.	Hurðarbaki	Flóa- og Ölfusdeild
20304	Ketill Ágústsson	Brúnastöðum	Flóa- og Ölfusdeild
20321	Ragnar F. Sigurðsson/Hrafnhildur Baldursd.	Litla-Ármóti	Flóa- og Ölfusdeild
20511	Ólafur Ingi og Anna	Eyði-Sandvík	Flóa- og Ölfusdeild
20608	Samúel og Þórunn	Bryðjuholti	Uppsveitadeild
20612	Þór Bjarnar Guðnason	Kópsvatni	Uppsveitadeild
20628	Jóhann og Ester	Sólheimum	Uppsveitadeild
20703	Birna Þorsteinsdóttir/Rúnar Bjarnason	Reykjum	Uppsveitadeild
20705	Félagsbúið	Efri-Brúnavöllum	Uppsveitadeild
22240	Eystra-Geldingaholt ehf.	Eystra-Geldingaholti	Uppsveitadeild
22242	Ásar og Móar ehf.	Ásum	Uppsveitadeild
20931	Stúfholt ehf.	Stúfholti	Holta-, Landm.-, Ása og Djúpardeild
20937	Gunnar Guðtormsson	Marteinstungu	Holta-, Landm.-, Ása og Djúpardeild
20948	Kristinn Guðnas/Elín Guðjóns	Þverlæk	Holta-, Landm.-, Ása og Djúpardeild
21014	Egill Sigurðsson	Berustöðum	Holta-, Landm.-, Ása og Djúpardeild
21354	Erla Hliðversdóttir	Sámsstöðum	Fljótshl., Hvals- og Rangárvalladeild
22033	Axel og Silja	Hólum	Landeyjadeild
22116	Sigríður Valdimarsd.	Álfhólum	Landeyjadeild
22152	Sævar Einarsson/Jóhanna E Gunnarsd	Stíflu	Landeyjadeild
23307	Kristinn Björnsson	Langholti	Skaftárdeild
30018	Sigvaldi Jónsson	Hægindi	Borgarfjarðardeild
30510	Laufey Bjarnad/Þróstur Aðalbjarnars.	Stakkhamri	Snæfellsnes- og Mýrasýsludeild
30592	Sigurjón Grétarsson	Furubrekku	Snæfellsnes- og Mýrasýsludeild
35180	Kjartan Jósepsson	Nýjubúð	Breiðafjarðardeild
46908	Margrét Guðbjartsdóttir	Miklagarði	Breiðafjarðardeild
49235	Félagsbúið Breiðalæk ehf	Breiðalæk	Breiðafjarðardeild
50850	Auðólfstaðabúið	Auðólfsstöðum	Austur-Húnaþingsdeild
58347	Loftr S. Guðjónsson	Ásbjarnarstöðum	Vestur-Húnaþingsdeild
58511	Pétur Sigurvaldason	Neðri-Torfustöðum	Vestur-Húnaþingsdeild
60002	Heimavöllur ehf.	Hvammi	Norðausturdeild
60003	Jóhann Tryggvason	Vöglum	Norðausturdeild
60008	Helgi Þórrson/Beate Stormo	Kristnesi	Norðausturdeild
60034	Þórir Niélsson og Sara María	Torfum	Norðausturdeild
60047	Jóhann H Jónsson	Stóra-Dal	Norðausturdeild
60083	Félagsbúið Bringu	Bringu	Norðausturdeild
60089	Félagsbúið Villingadal	Villingadal	Norðausturdeild
60100	Sigurgeir Pálsson	Sigtúnnum	Norðausturdeild
60101	Hermann Ingi Gunnarsson	Klauf	Norðausturdeild
60106	Benjamín Baldursson	Ytri-Tjörnum 2	Norðausturdeild
60153	Gestur Jónmundur Jensson	Efri-Dálsstöðum	Norðausturdeild
60159	Pétur Friðriksson	Gautsstöðum	Norðausturdeild
60216	Haraldur Jónsson	Dagverðareyri	Norðausturdeild
60327	Þorsteinn Rútsson	Þverá	Norðausturdeild
60490	Sveinn Kjartan Sverrisson	Melum	Norðausturdeild
60493	Guðrún Marinósóttir	Búrfelli	Norðausturdeild
60509	Gunnlaugur Sigurðsson	Klaufabrekku	Norðausturdeild
60518	Urðarbúið	Urðum	Norðausturdeild
60613	Félagsbúið Böðvarnes	Böðvarnesi	Norðausturdeild
60615	Karl Björnsson	Veisu	Norðausturdeild
60625	Haukur Þórhallsson	Kambsstöðum	Norðausturdeild
68034	Vogabú ehf.	Vogum	Norðausturdeild
68124	Glúmur Haraldsson	Hólum	Norðausturdeild
68234	Sveinbjörn Þór Sigurðsson	Búvöllum	Norðausturdeild
68308	Arndísarstaðir ehf.	Arndísarstöðum	Norðausturdeild
68354	Ingvar Ketilsson	Halldórsstöðum	Norðausturdeild
68400	Ólafur Haraldsson	Fljótsbakka	Norðausturdeild
68403	Ingjaldsstöðabú ehf.	Ingjaldsstöðum	Norðausturdeild
68454	Flofi Gunnarsson	Hrafnstöðum	Norðausturdeild
68460	Marteinn Sigurðsson	Kvíabóli	Norðausturdeild
68472	Baldvin Einarsson	Engihlíð	Norðausturdeild
68568	Sigtryggur Garðarsson	Reykjavöllum	Norðausturdeild
68596	Félagsbúið Laxamýri	Laxamýri	Norðausturdeild
	Fjöldi:	65	

Reglur um verðlaunaveitingu fyrir mjólk í 1. flokk A eru þessar: Verðlaun fá þeir innleggjendur sem lögðu inn mjólk í 1. flokki A í öllum mánuðum ársins 2013. Mörk fyrir 1. flokk A eru þau að beint meðaltal líftölu sé jafnt eða minna en 25 þús., faldmeðaltal mánaðarins á frumum sé undir 220 þús., að engar lyfjaleifar finnst í mánuðinum og faldmeðaltal fríra fitusýra sé jafnt eða minna en 1,1 mmol/l.

Mjólkursamsalan ehf. 2013



Stjórn Mjólkursamsölnnar ehf. skipuðu:

Egill Sigurðsson, formaður
Þórólfur Gíslason, varaformaður
Birna Þorsteinsdóttir, meðstjórnandi
Guðrún Sigurjónsdóttir, meðstjórnandi
Jóhannes Ævar Jónsson, meðstjórnandi

Varamenn:

Elín Margrét Stefánsdóttir
Jóhannes Torfason
Rögnvaldur Ólafsson
Arnar Bjarni Eiríksson
María Ingibjörg Hauksdóttir

Forstjóri:

Einar Sigurðsson

Endurskoðendur:

Deloitte
Benóní Torfi Eggertsson endurskoðandi
Jón Rafn Ragnarsson endurskoðandi

Stöðugleiki í rekstri

Sala á vörum MS var góð á árinu 2013. Félagið náði markmiðum sínum um tekjur og kostnað í sölu- og markaðsstarfi. Alls voru seld 8.844 tonn af birgðavörum og 49,6 milljón lítrar af ferskvörum. Að auki voru framleidd tæplega 400 tonn af skyri í Danmörku, á vegum Mjólkursamsölnnar, og flutt til Finnlands.

Afkoma Mjólkursamsölnnar var jákvæð fjórða árið í röð og stöðugleiki kominn í reksturinn eftir tap fyrstu rekstrarárin. Árið 2013 varð 208 milljóna króna hagnaður af rekstri Mjólkursamsölnnar ehf. fyrir skatta. Hagnaður fyrir skatta árið 2012 var 362 milljónir króna. Niðurstaða rekstrarreiknings 2013 var 167 milljóna króna hagnaður en var 290 milljónir árið áður. Meginástæðu lakari afkomu má rekja til kostnaðar sem félagið tók á sig vegna gríðarlegrar söluaukningar á feitari mjólkurvörum á síðari hluta ársins með því að kaupa allt hráefni fullu afurðastöðvaverði og vegna tolla á innflutta mjólkurfitu. Að frátöldum þessum sviptingum á markaði var bati í rekstri sem skilar sér til framtíðar. Félagið er enn að innleysa árangur af hagræðingar- aðgerðum undanfarinna missera. Breyting á gengi íslensku krónunnar hafði jákvæð áhrif á fjármagnsliði um 13 milljónir á milli árána 2012 og 2013.

Heildareignir Mjólkursamsölnnar eru 8.952 milljónir króna í árslok og er eigið fé 3.785 milljónir króna. Það samsvarar 42,3% eiginfjárlutfalli. Eignfærðar fjárfestingar árið 2013 eru 1.247 milljónir króna og ber þar hæst endurnýjun á vélum til ostaframleiðslu á

Sala 2013

Flokkur	Selt magn	Innanlands	Útflutningur
Ferskvörur	49.237	48.555	682
Viðbit	2.181	2.019	162
Ostar	5.681	5.615	66
Duft	982	757	225


Akureyri sem var tekin í notkun í október 2013, auk fjárfestingar í framleiðslu sýrðra vara, mjólkurpökkunar og frátökubúnaðar á Selfossi sem var komið í fulla notkun síðla sumars 2013.

Stöðugildi árið 2013 voru 403 og fjölgaði um 3,5%. Þetta er tímabundin fjölgun vegna þeirra umfangsmiklu breytinga og endunýjunar sem stóð yfir nær allt árið. Gert er ráð fyrir að stöðugildum fækki þegar á næsta rekstrarári. Hagræðing undanfarinna ára, sameining fyrirtækja, tilflutningur framleiðslulína, fækkun starfsfólks, breyting á vinnutilhögum og flutningakerfi hafa skilað félaginu mikilli kostnaðarlækkun. Starfsemin fer fram á 6 starfsstöðum um land allt. Segja má að Mjólkursamsalan standi nú á tímamótum. Félagið er nú að ljúka vinnu við skipulagsbreytingar í framleiðslunni sem hafa skapað umtalsverð tækifæri til að lækka kostnað. Þegar þær aðgerðir hafa að fullu skilað sér inn í reksturinn verður ekki hægt að skapa þar viðbótarsvigrúm til hráefnisverðhækkana umfram markaðsverðhækkunar. Hagræðing undanfarinna ára hefur byggt á vinnu, þolinmæði, frumkvæði og þátttöku alls starfsfólks. Það verðskuldar miklar þakkir.


Tölulegar upplýsingar




Ráðstöfun mjólkur hjá MS árið 2013 umreiknuð í lítra m.v. fitu




Ráðstöfun mjólkur hjá MS árið 2013 umreiknuð í lítra m.v. prótein



Ráðstöfun mjólkur hjá MS og KS árið 2013 umreiknuð í lítra m.v. fitu



Ráðstöfun mjólkur hjá MS og KS árið 2013 umreiknuð í lítra m.v. prótein



Mjólkurinnlegg hjá Auðhumlu

Árið 2013	Árið 2012	Breyting 2013-2012	
		Lítrar	Hlutfall
9.507.128	9.577.948	-70.820	-0,74%
9.029.986	9.490.551	-460.565	-4,85%
9.792.636	10.343.656	-551.020	-5,33%
10.330.160	10.056.277	273.883	2,72%
10.503.540	10.789.180	-285.640	-2,65%
9.513.446	10.197.089	-683.643	-6,70%
9.620.526	9.665.157	-44.63	-0,46%
8.599.854	9.037.249	-437.395	-4,84%
7.871.342	7.940.676	-69.334	-0,87%
8.265.659	8.588.916	-323.257	-3,76%
8.373.759	8.276.323	97.436	1,18%
9.309.283	8.898.621	410.662	4,61%
110.717.319	112.861.643	-2.144.324	-1,90%

Heildarmjólkurinnlegg á landinu

Árið 2013	Árið 2012	Breyting 2013-2012	
		Lítrar	Hlutfall
10.555.122	10.619.580	-64.458	-0,61%
9.965.723	10.523.492	-557.769	-5,30%
10.798.790	11.438.806	-640.016	-5,60%
11.389.574	11.122.921	266.653	2,40%
11.629.053	11.900.299	-271.246	-2,28%
10.551.547	11.266.701	-715.154	-6,35%
10.727.886	10.721.463	6.423	0,06%
9.566.534	10.038.773	-472.239	-4,70%
8.793.561	8.805.758	-12.197	-0,14%
9.208.803	9.557.844	-349.041	-3,65%
9.329.409	9.212.834	116.575	1,27%
10.397.959	9.884.517	513.442	5,19%
122.913.961	125.092.988	-2.179.027	-1,74%

Tölulegar upplýsingar



Fjöldi innleggjenda í deildum 2013 og 2012

Nafn deildar	31/12 2013	31/12 2012	Mismunur
Austurlandsdeild	25	26	-1
Austur-Skaftafellsdeild	11	13	-2
	36	39	
Skafthárdeild	26	25	1
Mýrdalsdeild	11	11	0
Eyjafjalladeild	21	21	0
Landeyjadeild	29	30	-1
Fljótshlíðar-, Hvols- og Rangárvalladeild	18	18	0
Holta-, Landmanna-, Ása- og Djúpárdeild	20	19	1
Uppsveitadeild	71	72	-1
Flóa- og Ölfusdeild	40	40	0
	236	236	
Hvalfjarðardeild	24	24	0
Borgarfjarðardeild	20	20	0
Snæfellsnes- og Mýrasýsludeild	41	42	-1
	85	86	
Breiðafjarðardeild	39	41	-2
Vestur-Húnaþingsdeild	24	24	0
Austur-Húnaþingsdeild	30	30	0
Norðausturdeild	155	158	-3
	209	212	
Alls Auðhumla	605	614	-9

Fjöldi kúabúa miðað við greiðslumark í lok árs

	Fjöldi kúabænda		2013						2012					
			greiðslumark á kúabú í þús. lítrum						greiðslumark á kúabú í þús. lítrum					
	2013	2012	<50 þús.	50-100 þús.	100-200 þús.	200-300 þús.	>300 þús.	Meðaltal pr. kúabú	<50 þús.	50-100 þús.	100-200 þús.	200-300 þús.	>300 þús.	Meðaltal pr. kúabú
MS Egilsstöðum	40	39	8	9	9	6	8	164.658	8	7	10	6	8	174.406
MS Selfossi	238	238	12	36	97	64	29	183.061	15	41	95	59	28	180.482
MS Vesturlandi	95	101	14	16	48	9	8	142.630	14	19	50	10	8	140.058
MS Búðardal	36	30	4	11	16	3	2	124.030	4	8	12	3	3	136.046
MS Akureyri	212	209	16	42	94	41	19	167.244	15	40	101	37	16	106.585
Auðhumla	621	617	54	114	264	123	66	166.865	56	115	268	115	63	161.431

Tölulegar upplýsingar



Fitu- og próteininnihald mjólkur eftir deildum (meðaltal)

Heiti deildar	Meðalfita		Meðalprótein	
	2013	2012	2013	2012
Austurlandsdeild	4,14	4,12	3,31	3,32
Austur-Skaftafellsdeild	4,17	4,15	3,30	3,29
Skaftárdeild	4,09	3,99	3,34	3,35
Mýrdalsdeild	4,02	3,98	3,27	3,26
Eyjafjalladeild	4,14	4,14	3,32	3,30
Landeyjajadeild	4,12	4,13	3,32	3,31
Fljótshlíðar-, Hvols- og Rangárvalladeild	4,13	4,13	3,31	3,34
Holta-, Landmanna-, Ása- og Djúpárdeild	4,13	4,13	3,36	3,36
Uppsveitadeild	4,10	4,11	3,30	3,32
Flóa- og Ölfusdeild	4,17	4,14	3,37	3,37
Hvalfjarðardeild	4,15	4,18	3,29	3,31
Borgarfjarðardeild	4,12	4,14	3,29	3,30
Snæfellsnes- og Mýrasýsludeild	4,15	4,13	3,30	3,30
Breiðafjarðardeild	4,16	4,15	3,29	3,29
Vestur-Húnaþingsdeild	4,10	4,14	3,31	3,31
Austur-Húnaþingsdeild	4,09	4,09	3,30	3,30
Norðausturdeild	4,15	4,15	3,32	3,33
Auðhumla	4,13	4,13	3,32	3,32

Innvigtun mjólkur innan og utan greiðslumarks verðlagsárið 2013

Afurðastöðvar	Framleitt innan gr.marks	Framleitt umfram samning	Framleitt alls
Auðhumla svf.	104.018.874	6.770.781	110.789.655
Mjólkursamlag KS	11.981.126	214.078	12.195.204
Samtals	116.000.000	6.984.859	122.984.859

Heimild: Bændasamtök Íslands og aðildarfélög SAM

Ársreikningur samstæðu 2013



Áritun óháðra endurskoðenda

Til stjórnar og félagsaðila Auðhumlu svf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning samstæðu Auðhumlu svf. og dótturfélaga hennar fyrir árið 2013. Samstæðuársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnar og forstjóra á ársreikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og forstjóri eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu samstæðuársreiknings, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á samstæðuársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að samstæðuársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samstæðu Auðhumlu svf. og dótturfélaga hennar á árinu 2013, efnahag hennar 31. desember 2013 og breytingu á handbæru fé á árinu 2013, í samræmi við lög um ársreikninga.

Kópavogur, 26. mars 2014

Deloitte ehf.

Benóní Torfi Eggertsson
endurskoðandi

Jón Rafn Ragnarsson
endurskoðandi

Við undirritaðir, kjörnir skoðunarmenn Auðhumlu svf., höfum farið yfir ársreikning þennan. Við teljum að hann sé í samræmi við ákvæði laga og samþykktu félagsins og leggjum til að hann verði samþykktur.

Kjörnir skoðunarmenn

Gunnar Sverrisson

Eiríkur Jónsson

